

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Kársneshöfn. Bakkabraut norðan Vesturvarar og gatnamót. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 11. nóvember 2025, breytingu á deiliskipulagi Kársneshafnar fyrir Bakkabraut norðan Vesturvarar og gatnamót.

Breytingin nær til þess gatnarýmis sem tengist fyrirhugaðri Borgarlínu og þeim samgöngumannvirkjum sem henni munu fylgja. Borgarlínustöð er staðsett við norðurmörk lóða Hafnarbrautar 27 og Vesturvarar 30. Lóðamörk nærliggjandi lóða breytast og innviðum Borgarlínu er afmarkað 25 m breitt bæjarland við stöðina.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 29. desember 2025.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 14. janúar 2026